



INNSETNING Margrétar Blöndal kallast á við málverk Guðmundu Andrésdóttur.
Morgunblaðið/Porkell



FRÁ rými með verkum Þórodds Bjarnasonar.

KYNSLÓÐABILÍÐ í sýningunni á Kjarvalsstöðum er áberandi. Að minnsta kosti í yfirskrift sýningarinnar – 30/60 +. Aldurstakmörk sýnenda miðast nefnilega við það að hafa ekki dag um þrítugt eða að öðrum kosti að vera kominn yfir sextugt. Hugmyndin er þó ekki að staðfesta kynslóðabil, í merkingunni skilningsleysi, heldur að skoða hvort aldur hafi eitthvað að segja þegar myndlist er annars vegar. Þarna gefst færi á að kanna tengsl milli tveggja kynslóða listamanna, greinilega aðskildar, hvort þau séu yfirleitt fyrir hendi og hversu mikil.

Í formála sýningarsskrár leggur Halldór Björn Runólfsson listfræðingur fram athyglisverða en kannski dálítið harkalega skýringu, gagnvart okkur sem erum á miðjum aldri, á „kynslóðabilinu“ í sýningunni. Hann setur kynslóðirnar inn í líkingu um landrekskenningar Wegeners. „Svona gerist framvindan innan við þrítugt og eftir sextugt: allt eins og möttulkraftarnir sem færa til meginlöndin. Allt þar á milli stendur í stað eins og allsráðandi hláss. [...] Annar hópurinn – hinir ungu – hafa allt að vinna. Hinir – þeir rosnu – hafa engu að tapa. Er það ekki þetta sem kemur fastalandinu á hreyfingu?“ Ekki nóg með þetta heldur er „sameiginlegur óvinur“ kynslóðanna tveggja „millikynslóðin með öll sín völd og allt sitt olnbogaráými – fyrverandi ungir og verðandi aldnir.“

Hvað sem líður skemmtilegum vangaveltum um líkindi og andstæður hópanna tveggja er víst að þeir geta fráleitt talist „skólar“ í listastefnum enda augljóst að listamennirnir í hvorum um sig eru ólíkir og kenndir við ýmsar stefnur og strauma. En þessi staðreynd gerir samannburðinn milli þeirra yngri og eldri ef til vill enn forvitnilegri.

Ávextir og verkfæri

Nína Magnúsdóttir er ung myndlistarkona sem útskrifaðist úr Myndlista- og handíðaskólanum árið 1995 og fer núna í haust til náms í Goldsmiths-listaskólanum í London. Henni finnst „ekkert andstætt við það að vera þrjátíu eða sextíu ára. Talan er bara helmingi hærri. Ég held ekki að verkið mitt falli eitthvað sérstaklega inn í einhverja sérstaka hugmynd um sýninguna. Enda hefur það ekkert með aldur að gera hvað þú ert frjór eða ungur í hugsun.“

Nína segist hafa unnið mikið með ávexti og verkfæri í sínum verkum. „Ég byrjaði á ýmiss konar ávöxtum og einfaldaði það svo niður í epli. Ég hef verið með gjörninga þar sem ég borðaði epli í stórum stíl, þangað til ég hreinlega gat ekki meira og kastaði upp. Í öðrum gjörningi var rými fullt af eplum og ég beit í hvert einasta þeirra.“

Í verkinu á Kjarvalsstöðum, sem myndað er af eplum og hnífum, segist Nína vera að skoða hvernig við hneigjumst til að „skipta hugsuninni alltaf í tvennt til að einfalda hana. Þetta er kvenlegt, þetta er karllegt. Þetta er mjúkt, þetta er hart. Þetta er skynsamlegt en þetta ekki. En svo er ég líka að velta fyrir mér hræðslunni við snertinguna. En þetta eru bara mínar þælingar. Helst vil ég auðvitað að verkið tali sjálft. Það er ekki mitt að segja fólki hvað það á að hugsa.“


Erling P.V. Klingenberg útskrifaðist úr MHÍ 1994 og var eftir það tvö ár í Þýskalandi.

UNGIR OG ALDNIR HAFNA ORÐIÐ

Á Kjarvalsstöðum hefur verið opnuð sýning þar sem tvær kynslóðir myndlistarmanna setja upp verk sín í sama rými. Þegar GEIR SVANSSON leit inn í sýningar-sali voru listamenn í óða önn gera klárt fyrir opnun daginn eftir en gáfu sér tíma til að eiga við hann orð.



NÍNA Magnúsdóttir með epli og hnífa.



MAGNÚS Pálsson við „tónlistarverk“ sitt.



ERLING P.V. Klingenberg hengir sig upp.

Samsvörun og mótvægi

Hlynur Hallsson (MHÍ 1993) býr í Hannover í Þýskalandi og útskrifaðist þar úr skóla fyrir tveimur árum. Honum finnst hugmyndin að sýningunni „fyndin. Að stilla saman þessum kynslóðum sem eiga ekki margt sameiginlegt, á yfirborðinu. Það er einna helst Magnús Pálsson sem hefur verið beinn áhrifavaldur fyrir mörg okkar. Ég er annars í plássi með Kristjáni Davíðssyni og er mjög ánægður með það. Hann er með splunkuný verk, frá þessu ári, svona einfaldar línuteikningar. Mér finnst verkin hans vera bæði samsvörun og mótvægi við mínar sem eru líka línuteikningar en af allt öðrum toga.“

Teikningar Hlynur eru í raun upprættir af landamærum ríkja og eru allar á A-4 blöðum en myndband og viðhorfskönnun er einnig hluti af verkinu. „Þetta eru tuttugu myndir af löndunum sem ég hef komið til. Útlínurnar eru bara af landamærum en ekki þar sem land liggur að sjó eða vatni.“ Í öðru verki get-

ur að líta „portrett eða langsnið af götum sem hafa skipt máli í lífi mínu. Þetta er í raun mjög afstrakt, eins og Kristján, en svo fylgja þessu líka persónulegar lýsingar. Í báðum verkum eru sýningargestir krafðir um persónuleg svör af ýmsum toga.“

Tilviljun og hverfuleiki

Margrét Blöndal útskrifaðist úr listaskóla í Bandaríkjunum fyrir einu ári og hefur verið hér heima síðan. Hún er með rýmisinnsetningar í sal þar sem Guðmundu Andrésdóttir sýnir málverk. Henni list vel á þessa sýningarinnar. „Mér finnst skemmtilegt ef hægt er að ná fram samspili á milli verkanna. Ég veit ekki alveg hvernig það hefur tekist almennt. Ég reyni að vinna það þannig að það sé samspil á milli okkar Guðmundu.“

Innsetningar eða skúlptúrar Margrétar hafa greinilega samsvörun við málverkin á veggjunum og sjálf segist hún helst vilja að verk sín líkt og „poppi“ úr myndunum. „Verkin mín byggjast mikið upp á tilviljunum og ég veit aldrei hvernig þau koma til með að virka. Eins og formin stígi út úr myndinni. Í stað þess að horfa á eitthvað uppi á vegg stígur það niður. Verkin mín eru annars þess eðlis að þau lifa ekki að eilífu heldur eru hverfuleiki.“

Raddskúlptúr og hljóðaljóð

Magnús Pálsson er sá eini úr eldri hópnum sem náðist í en hinir eru Ásgerður Búadóttir, Erró, Guðmundu Andrésdóttir, Jóhann Eyfells og Kristján Davíðsson. „Mér finnst ágætt

að vera tekin með í þennan eldri hóp og finnst fínt að taka þátt í sýningunni. En ég er auðvitað skítinnervus við hvernig tekst til.“ Magnús býr í London og hefur gert í ellefu ár. „Ég kem til Íslands til að hressa mig við. Þó að margt sé auðvitað að gerast úti í London ríkir þar hálfgerð lognmolla miðað við hér. Listin er svo „karrfertengd“ annars staðar, ekki hér. Þetta ljóta orð sem á svo illa við list. Ég kem til að skoða verkin þeirra Kristins Harðarsonar og Kristjáns Guðmundssonar. Fyrir mér eru þetta bestu listamenn í heimi,“ segir Magnús og hlær.

Magnús er í þann mund að ljúka við uppsetninguna á verki sínu, undarlegum bronslitum skúlptúr, járnstöngum og kassa sem hangir niður úr loftinu. Verkinu er ætlað að framkalla „tónlist“ a.m.k. við opnunina þegar raddgjörningur mun fara fram í tengslum við það. Verkið tengist þessum listum Magnúsar um þessar mundir. „Það sem ég er að gera þessi árin er allt af einhverjum ritlistar og raddlistar toga. Ég skrifa texta eða klippi saman fundna texta og fæ fólk til að flytja þetta. Stundum flyt ég þá sjálfur. Þetta kalla ég raddskúlptúra. Þetta er allt eitt fyrir mig. Það skiptir ekki máli hvort maður er með fast efni eða loftkennda hugmynd ef maður hefur þrívítt form.“

Sumir hafa viljað kalla þetta „sound poetry“ (hljóðaljóð) og það finnst mér voða flott orð!“ segir Magnús og hlær. „Ég er að reyna að nálgast tónlistareðli talmálsins. Músík er grundvallarlega bara hljóð og tími, tímasetning sem kölluð er rytmi. Hljóðgjafinn skiptir ekki máli, hvort það kemur úr mannsbarka eða fiðlu, frá bíl, flugvél. Eða járnir sem slær saman, eins og ég er með núna. Bara ef það hefur grundvallar eiginleika tónlistar. Þess vegna voga ég mér að kalla þetta tónlist. Eða að segja að ég sé að klóra utan í jaðarinn á tónlistinni.“